

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur og stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur hafa mótttekið erindi Íþróttafélags Reykjavíkur dags. 4. nóvember 2021 og Íþróttafélagsins Leiknis dags. 1. desember 2021 og 4. febrúar 2022.

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 10. janúar sl. var samþykkt eftirfarandi bókun ráðsins:

Afstaða menningar-, íþrótt- og tómstundarráðs er að Reykjavík eigi að hvetja til samstarfs og sameiningar félaga þannig að aðgengi barna að íþróttastarfi sé sem fjölbreyttast í öllum hverfum, í samræmi við samþykka íþróttastefnu Reykjavíkur. Augljósustu samstarfs- og sameiningarkostir í Reykjavík eru annars vegar í Breiðholti og hins vegar í Laugardalnum. Öflug hverfisíþróttafélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að tryggja íbúum öfluga, faglega og fjölbreytta þjónustu í þeirra nærumhverfi.

Varðandi spurningar ÍR um fjármagn og tímaúthlutun til félags sem hefur starf í hverfi þar sem til staðar er hverfafélag sem býður upp á viðkomandi íþróttagrein og hver staða hverfafélags sé gagnvart öðrum félögum sem ætla sér að bjóða upp á sömu grein og hverfisfélagið býður uppá er það til svara að samkvæmt reglum ÍTR og ÍBR má aðeins styrkja eina grein í hverju hverfi. Undantekning frá þessu er þó þekkt sbr. knattspyrnu í Breiðholti þar sem eru tvö félög með knattspyrnu þ.e. Leiknir og ÍR. Sá ráðahagur var ákveðinn á sínum tíma í ljósi þess að bæði félög hafa starfrækt knattspyrnudeildir um áratugaskeið. Með hliðsjón af því er hægt að segja að saga geti haft áhrif á tímaúthlutun og fjármagn líka. Almennt séð verður því ekki séð að nýtt félag í hverfinu hafi sömu stöðu og félag sem þar hefur starfað í langan tíma en eins skiptir þá máli hvaða starfsemi félag sem á sér sögu í hverfinu hefur verið með.

Varðandi erindi Leiknis um breytta þörf félagsins á aðstöðu vegna nýrra deilda hjá félaginu og að félagið fái íþróttahúsið í Austurbergi afhent til ráðstofunar að fullu eða að félaginu verði tryggðir tímar sem það þarf til áframhaldandi uppbyggingar og þróunar skal eftirfarandi upplýst:

ÍTR er með samning við ÍR um rekstur íþróttahússins við Austurberg. ÍBR og ÍTR hafa sl. vikur unnið að því að endurskoða rekstur og tímaúthlutanir í íþróttahúsi við Austurberg, íþróttahúsi Seljaskóla, íþróttahúsi Fellaskóla, íþróttahúsi Breiðholtsskóla, knattspyrnuhúsi í S-Mjódd og í nýju íþróttahúsi í S-Mjódd.

Það ætti hinsvegar ekkert að vera því til fyrirstöðu að Leiknir fái tíma til afnota í Austurbergi fyrir nýjar deildir á komandi hausti og unnið er að tillögum að æfingatöflum sem gera ráð fyrir því.

Leiknir hefur lýst því yfir að félagið hafi hug á því að efla íþróttastarf í Efra-Breiðholti með því að fjölga íþróttagreinum innan félagsins. Í framhaldi af því hefur félagið einnig óskað þess að það verði skilgreint sem hverfisfélag í Efra-Breiðholti. Stjórn ÍBR hefur fjallað um málið og samþykkt að ákvörðun um það verði ekki tekin fyrr en vinnuhópur um framtíð hverfisfélaga sem nú er að störfum hefur lokið sinni vinnu, en stefnt er að því að sá hópur ljúki störfum nú á vormánuðum.

Eitt mikilvægasta verkefni allra sem koma að þessu máli er finna leið til þess að bjóða sem fjölbreyttast og gott starf fyrir íbúa Breiðholts. Engin vafi er á að allir vilja það en hafa mögulega mismunandi sýn á hvernig það sé best gert. Til að gera tilraun til að leiða saman

Þessi sjónarmið og finna sameiginlega fleti er lagt til að sett verði á laggirnar samstarfsnefnd skipaðri framkvæmdastjóra ÍBR, sviðsstjóra ÍTR, framkvæmdastjóra ÍR og framkvæmdastjóra Leiknis. Nefnd þessari verði ætlað að endurskoða hugmyndir sem fyrir liggja um framkvæmdir á svæðum félaganna á sviði íþrótta- og útivistarmannvirkja. Fyrst og fremst skal taka mið af nauðsynlegum mannvirkjum sem þjónað geta skólustarfi, barna- og unglingastarfi og almenningi svo og utanhússíþróttagreinum.

Þá skal nefndin kanna á hvern hátt verði staðið að nýtingu íþróttamannvirkja í hverfunum þannig að félögin geti þjónað Breiðholtshverfi öllu á sviði íþróttastarfs. Í þessu sambandi skal skoða nýtingu og rekstur gervigrasvalla og grassvæða við Austurberg og í Suður-Mjódd, við Austurberg og nýtingu og rekstur íþróttamannvirkja í Suður-Mjódd, íþróttasali skóla og rekstur þessara mannvirkja á næstu árum. Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. júní 2022.



Ómar Einarsson  
sviðsstjóri ÍTR



Frímenn Ari Ferdinandsson  
framkvæmdastjóri ÍBR